

Fundur nr. 15

Fimmtudaginn 18. október 2007 kl. 14:00 kom hreppsnefnd Langanesbyggðar saman til fundar í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt voru: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð, Siggeir Stefánsson, oddviti, Nanna Höskuldsdóttir, Ágúst Marinó Ágústsson, Hulda Sigurðardóttir, Sigurður Jóhannes Jónsson og Hilma Steinarsdóttir.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti óskaði eftir samþykki fundarins fyrir því að frá og með þessum fundi yrði fundargerð skráð í tölvu, eftir því sem fært yrði, í samræmi við ákvæði 32. gr. samþykktu um stjórn og fundarskóp Langanesbyggðar dags. 8. desember 2006. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 27.08.07. (Lögð fram)
- Byggðaráð 18.09.07. (Lögð fram)

Í samræmi við tillögu byggðaráðs lagði oddviti fram tillögu um að breyta 20. gr. samþykktu um stjórn og fundarskóp Langanesbyggðar, dags. 8. desember 2006, þannig að í stað þess texta sem fyrir er komi:

***Landbúnaðarnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. erindisbréfi fyrir Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar. Nefndin fer með yfirstjórn fjallskila- og riðumála í sveitarfélaginu skv. lögum og reglugerðum þar um, ásamt fleiri verkefnum á sviði landbúnaðarmála skv. erindisbréfi. Nefndin tilnefnir Búffjáraeftirlitsmann og annan til vara í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Undir landbúnaðarnefnd heyra tvær aðskildar fjallskilanefndir, fjallskilanefnd vestri (fyrrum Þórshafnarhrepps) og fjallskilanefnd eystri (fyrrum Skeggjastadahrepps). Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í hvora. Þrír fulltrúar í Landbúnaðarnefnd skulu jafnframt eiga sæti í fjallskilanefnd vestri og tveir skulu eiga sæti í fjallskilanefnd eystri. Sami háttur skal hafður á varðandi ákvörðun varamanna.*

Samþykkt samhljóða að vísa ákvörðun um framangreint efni til annarrar umræðu.

- Byggðaráð 15.10.07. (Lögð fram)

Samþykkt samhljóða að Hilma Steinarsdóttir sækir skólamálaþing sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd hreppsnefndar. Sveitarstjóra falið að fara yfir málið með skólastjórum sveitarfélagsins tilkynna um þátttakendur á þingið að fengnum upplýsingum um fulltrúa fræðslu- og menningarnefndar.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir samhljóða tillögu Byggðaráðs um að sveitarsjóður ábyrgist fjármögnun Langaneshafna vegna fyrirsjáanlegra framkvæmda verði þess þörf.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir samhljóða tillögu fræðslu- og menningarnefndar um að ráða Bryndísi Kjartansdóttur í starf aðstoðarmatráðs við Grunnskólann á Þórshöfn. Sveitarstjóra falið að láta ganga frá ráðningarsamningi við viðkomandi. Fram kom að umsókn sem, vegna mistaka, hafði ekki hlotið umfjöllun á fundi fræðslu- og menningarnefndar 10.10.07 kom til umfjöllunar hjá nefndarfulltrúum 15.10.07 og hafði ekki áhrif á fyrri niðurstöðu. Sveitarstjóra falið að koma á framfæri afsökunarbeiðni til viðkomandi umsækjanda.

Oddviti vakti athygli fundarins á því að hann væri hugsanlega vanhæfur til afgreiðslu næsta máls. Vanhæfi oddvita samþykkt samhljóða. Oddviti vék af fundi.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar hafnar hugmyndum um að útgerðum í sveitarfélaginu sem úthlutað verður byggðakvóta verði heimilað að víkja frá ákvæðum um löndunarskyldu. Til að mæta óskum um virkari verðmyndun á þeim afla sem um er að ræða verður óskað eftir heimild hjá Sjávarútvegsráðuneyti um að heimilt verði að landa veiddum afla, er tengist byggðakvóta, einstaks byggðarlags til vinnslu innan annars byggðalags Langanesbyggðar. Bæði útgerðar- og vinnsluaðilar á Bakkafirði og á Þórshöfn eru hvattir til að ganga sem fyrst frá samningum sínum á milli með hliðsjón af þeim reglum sem gilda þar um.

Samþykkt samhljóða.

Umræðu og afgreiðslu fjárstuðnings vegna veiks barns vísað til lokaðs fundar að afloknum almennum hreppsnefndarfundum. Afgreiðsla og umræður bókaðar í trúnaðarmálabók.

- Fræðslu- og menningarnefnd 12.10.07
Fundargerð samþykkt samhljóða.
- Umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd 15.10.07

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða tillögu nefndarinnar um staðsetningu gámsvæðis á lóð við Háholt. Sveitarstjóra falið að láta hanna svæðið og leita eftir tilboðum í frágang þess.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar beinir því til ráðuneytis samgöngumála að, með hliðsjón af öryggissjónarmiðum, verði óslitnu gsm-sambandi komið á sem fyrst á Brekknaheiði með uppsetningu sendis á Gunnólfsvíkurfjalli og að einnig verði þar komið fyrir sjálfvirkri veðurathugunarstöð.

Samþykkt samhljóða að fela að þjónustumiðstöð Langanesbyggðar á Þórshöfn að gera úttekt á opnum skurðum innan þéttbýlis og sjá um lokun þeirra.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Eyþing - Stjórnarfundur 20.08.07 (Lögð fram)
- Eyþing - Stjórnarfundur 10.09.07 (Lögð fram)
- Eyþing – Aðalfundur 5. og 6.10.07 (Lögð fram)
- AÐ - Stjórnarfundur 02.10.07 (Lögð fram)
- Menningarmiðstöð Þingeyinga - Stjórnarfundur 21.09.07 (Lögð fram)
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra - 103 fundur, 05.09.07 (Lögð fram)

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Þjörn flutti greinargóða skýrslu.

Samþykkt samhljóða að sveitarstjóri sækir, fyrir hönd Langanesbyggðar, fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í Reykjavík dagana 5. og 6. nóvember nk.

4. Innsend erindi

Til kynningar:

- Brunabót – Ágóðahlutagreiðsla 2007.
- Samband íslenskra sveitarfélaga – Viðmiðunarreglur um kirkjugarðsstæði o.fl.
Erindinu vísað til umhverfis-, skipulags- og byggingarnefndar til kynningar.

Til afgreiðslu:

- Íþróttakademían – Námskeið í viðburðarstjórnun.
Samþykkt samhljóða að gefa nýráðnum íþrótt- og tómstundafulltrúa kost á að sækja námskeiðið sem haldið verður í Reykjanesbæ dagana 1. – 3. nóvember nk.

- Samband íslenskra sveitarfélaga – Ný drög að reglugerð um lögreglusamþykktir.
Ekki gerðar athugasemdir við drögin umfram þær athugasemdir er fram hafa komið frá sambandi íslenskra sveitarfélaga.

5. Brunavarnaráætlun Langanesbyggðar.

Slökkviliðsstjóri, Ólafur Stefánsson, kynnti brunavarnaáætlun fyrir starfssvæði slökkviliðsins til næstu fimm ára.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir áætlunina, fyrir sitt leiti, með þeim fyrirvara að fyrirhugaðar fjárfestingar kunni að færast á milli ára. Slökkviliðsstjóra falið að leita eftir samþykki Svalbarðshrepps og Brunamálastofnunar svo að áætlunin öðlist gildi.

6. Mögulegt samstarf vegna olíurannsókna á Drekasvæði.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir viðræðum sem átt hefðu sér stað á milli Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps, auk fulltrúa lögmansstofunnar Regula, að undanförmu.

Samþykkt samhljóða að standa, beint eða óbeint, að stofnum einkahlutafélags, ásamt Vopnafjarðarhreppi sem hafi það meginhlutverk, til að byrja með, að:

- *Afla fjármagns til rannsókna vegna uppbyggingar grunnþjónustu vegna olíuleitar frá svæðinu við innanverðan Bakkafloa.*
- *Semja við stjórnvöld um aðkomu þeirra að verkefninu.*
- *Semja við aðra aðila um þeirra aðkomu að félaginu.*

Til að byrja með verði hlutfé allt að kr. 1.000.000,- sem skiptist jafnt á milli hluthafanna tveggja.

7. Heimsókn Þingmanna til Þórshafnar 24. október 2007.

Áherslur á fyrirhuguðum fundi með þingmönnum ræddar og samþykkt samhljóða að kanna við hreppsnefnd Svalbarðshrepps hvort ekki eigi að stefna að því að fulltrúar sveitarfélaganna sitji fundinn saman, í ljósi sameiginlegra hagsmunamála.

8. Styrkur vegna endurnýjunar á bifreið björgunarsveitarinnar Hafliða.

Oddviti vakti athygli fundarins á því að hann væri hugsanlega vanhæfur til afgreiðslu næsta máls. Vanhæfi oddvita samþykkt samhljóða. Oddviti vék af fundi.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við fulltrúa björgunarsveitarinnar. Samþykkt samhljóði tillaga sveitarstjóra um að styrkja bifreiðakaupin með kr. 300.000,- framlagi úr sveitarsjóði. Taka skal tillit til þessa við endurskoðun fjárhagsáætlunar vegna 2007.

9. Þjónustumiðstöð.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir viðræðum sem átt hafa sér stað á undanförmum misserum á milli fulltrúa sveitarfélagsins, Vegagerðarinnar og Samgönguráðuneytisins. Lögð voru fram drög að samningum á milli Langanesbyggðar og Vegagerðarinnar um þjónustu á hjóðvegakerfinu á svæðinu frá Sandvíkurheiði að austan og að Jökulsá að vestan. Sveitarstjóra veitt umboð, ásamt oddvita og varaoddvita, til að vinna áfram að málinu með það að markmiði að hægt verði að leggja fram samninga til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok nóvember 2007.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Oddviti sleit fundi kl. 18:36.